

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar <b>105. stjórnarfundur haldinn 23. nóvember 2016</b> <b>Hestheimum Ásahreppi</b>	Síða 1 af 2	
Dags. fundar 23. janúar 2017	Tími 20:30	Staður Hestheimar	Nr. Fundar 105
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 23.01.17	
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Björn Ingi Jónsson, Snorri Ingimarsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Sigmundur Einarsson, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Guðrún Jónsdóttir, Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri, Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri.  Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll: Guðmundur Hörður Guðmundsson og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir			

## Dagskrá:

1. Samþykki dagskrár
2. Svartárvirkjun á norðursvæði
3. Fundargerðir svæðisráða
4. Fjárhagsáætlun 2017 og fjárhagsáætlanir svæða
5. Áætlun um byggingar og innviði á árinu 2017
6. Ráðning þjóðgarðsvarðar á vestursvæði
7. Um skipan áheyrnarfulltrúa ferðamálasamtaka í stjórn
8. Staða byggingar á gestastofu við Krikjubæjarklaustur
9. Starfsreglur stjórnar
10. Atvinnustefna
11. Staða verkefnis um heimsminjavernd
12. Svartárvirkjun á norðursvæði (færður, nú númer 2)
13. Ferðafélög innan þjóðgarðs
14. Tillaga Samút um Vonarskarð
15. Önnur mál
  - a. Skjalavistunarkerfi
  - b. Aðstaða fyrir starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs á Egilsstöðum

## 1. Samþykki dagskrár.

Formaður bar upp dagskrá og tillögu að dagskrárbreytingu að liður 11 verði tekinn fyrir í upphafi fundar.

Tillagan samþykkt.

### 2. Svartárvirkjun á norðursvæði.

Fulltrúar Neyðarlínunnar, Þórhallur Ólafsson og Magnús Hauksson mæta til fundar undir þessum lið.

Þórhallur fór yfir forsögu málsins og ræddi virkjun í Svartá við Vaðöldu sem lið í að draga úr olíunotkun fyrirtækisins, en núverandi fjarskiptastöð er knúin með díeselolíu. Magnús gerði grein fyrir tillögu að framkvæmd virkjunarinnar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að fá lögfræðialít á því hvort virkjun fyrir fjarskiptastöð við Svartá samræmist gildandi stjórnunar- og verndaráætlunar.

### 3. Fundargerðir svæðisráða:

- a. Fundargerðir svæðisráðs vestursvæðis frá 20.12.2016, 22.12.2016 og 14.01.2017.
- b. Fundargerðir svæðisráðs á suðursvæði frá 49.fundi 18.01.2017. Formaður svæðisráðs á suðursvæði sagði frá kynningu Þorvarðs Árnasonar á fundi svæðisráðs um víðerni. Jafnframt greindi hann frá miklum áhuga þjónustuaðila á suðursvæði á mótun atvinnustefnu þjóðgarðsins.

### 4. Fjárhagsáætlun 2017 og fjárhagsáætlanir svæða

Framkvæmdastjóri gerði ráð fyrir fjárveitingum til Vatnajökulsþjóðgarðs á fjárlögum. Til reksturs er áætlaður um 360 milljónir. Þetta er um 30 milljónum lægri fjárveiting en heildarfjárveiting síðasta árs. Stjórn óskar eftir að tillaga að gjaldskrá fyrir þjónustu í þjóðgarðinum verði lögð fyrir næsta stjórnarfund.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri munu á næstu vikum funda með svæðisráðum um fjárhagsáætlun einstakra svæða. Rekstraráætlanir svæða verða lagðar fyrir á stjórnarfund í mars.

### 5. Áætlun um byggingar og innviði á árinu 2017

Frestað til næsta fundar.

### 6. Ráðning þjóðgarðsvarðar á vestursvæði

Í ljósi nýrra laga um Vatnajökulsþjóðgarð er ráðning þjóðgarðsvarðar í höndum svæðisráðs og framkvæmdastjóra.

### 7. Um skipan áheyrnarfulltrúa ferðamálasamtaka í stjórn

Formaður kynnti málið og lagði fram tölvupóst frá Sigríði Svönu Helgadóttur í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dagsettur 18.janúar 2017.

### 8. Staða byggingar á gestastofu við Kirkjubæjarklaustur.

Stjórn leggur til að stofnuð verði byggingarnefnd fyrir gestastofu við Kirkjubæjarklaustur, sem í eiga sæti fulltrúar Vatnajökulsþjóðgarðs og heimamanna. Málið verður afgreitt á næsta fundi.

### 9. Starfsreglur stjórnar.

Málið er í vinnslu.

### 10. Atvinnustefna staða – frestað

## Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

### 11. Staða verkefnis um heimsminjavernd

Formaður gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

### 12. Svartárvirkjun á norðursvæði – var tekið fyrir sem liður eitt á þessum fundi.

### 13. Ferðafélög innan þjóðgarðs

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að lokið hefur verið við skammtímasamning við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðafélag Húsavíkur.

### 14. Tillaga Samút um Vonarskarð

Varaformaður svæðisráðs á vestursvæði, Ásta Berghildur, gerði grein fyrir niðurstöðu svæðisráðs um tillögu Samút um Vonarskarð á fundi þann 20.12.2016. Fyrir liggur afstaða meirihluta svæðisráðs um óbreytt ástand varðandi akstur um Vonarskarð.

Snorri Ingimarsson óskaði eftir að bóka að með tilvísun í fundargerðina hafi svæðisráð á vestursvæði ekki tekið tillögu Samút til efnislegrar umfjöllunar. Málinu frestað.

### 15. Önnur mál:

- a. Skjalavistunarkerfi. Stjórn felur framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að tryggja skjalavistunarkerfi fyrir þjóðgarðinn og fundargátt.
- b. Aðstaða fyrir starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs á Egilsstöðum. Lögð fram drög að leigu og þjónustusamningi vegna fyrirhugaðrar aðstöðu fyrir starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs á Egilsstöðum. Framkvæmdastjóra falið að ljúka málinu á grunni framlagðra gagna.

Fundi slitið kl. 23:30

### Verkefni ákveðin á fundinum:

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			
4			
5			
6			